

STJÓRNARTÍÐINDI B 39 – 1998

7. maí 1998

869

Nr. 265

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 153/1998 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Aftan við upptalningu úr tollkafla 7 í 2. gr. reglugerðarinnar kemur:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0701.9000	Kartöflur, bökun 65 mm og stærri	08.05.-30.06.98	ótilgr.	15	30

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 7. maí 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Guðmundur Sigþórsson.

4. maí 1998

Nr. 266

AUGLÝSING

um gildistöku laga um norræna vitnaskyldu.

Ákveðið hefur verið, samkvæmt heimild í 13. gr. laga um norræna vitnaskyldu, nr. 82 31. maí 1976, að þau lög skuli öðlast gildi gagnvart Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð 1. júlí 1998.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. maí 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Benedikt Bogason.